

## HEILBRIGÐISNEFND

Árið 2026, fimmtudaginn 7. maí kl. 11:01, var haldinn 173. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Hjálmar Sveinsson, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birkir Ingibjartsson, Einar Sveinbjörn Guðmundsson og fulltrúi samtaka atvinnulífsins, Ólafur Jónsson. Eftirtalinn fulltrúi tók sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Birna Hafstein. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Tómas G. Gíslason, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Svava Svanborg Steinarsdóttir, Helgi Guðjónsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Fundarritari var Magnea Lillý Friðgeirsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf forsætisnefndar dags. 30. apríl 2026 um leiðréttingu á verklagsreglum varðandi fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar. MSS23090170
2. Lögð fram umsagnarbeiðni dags. 30. apríl 2025 um undanþágu frá 9. grein reglugerðar nr. 724 frá 2008 um hávaða vegna framkvæmda á Fossvogsbrú. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 30. apríl 2026. HER26010001

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Flokks fólksins og Sjálfstæðisflokksins:

Isavia rekstraraðili Reykjavíkurflugvallar fer fram á að framkvæmdir við stólpa Fossvogsbrúar í sumar fari fram á nóttinni. Hávaðinn sem hlýst af framkvæmdunum mun mögulega valda íbúum í nágrenni Kópavogsmegin og Reykjavíkurmegin ónæði. Æskilegra væri að þessar framkvæmdir færu fram yfir daginn.

3. Fram fer umræða um fund heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga með atvinnuveganefnd Alþingis vegna lagafrumvarps um Stofnun atvinnuveganna sem fór fram 5. maí 2026. HER26010001
4. Fram fer umræða um fund heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis vegna lagafrumvarps um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum sem fór fram 6. maí 2026. HER26010001
5. Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 15. apríl 2026 um 7. frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna, sbr. 568. mál á 157. löggjafarþingi 2025-2026, Frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna. HER26010001
6. Lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 16. apríl 2026 um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum, sbr. 582. mál á 157. löggjafarþingi 2025-2026. HER26010001
7. Fram fer umræða um aðkomu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna atvika á vatnsverndarsvæðum. HER26010001

8. Fram fer umræða um fræðsluferð heilbrigðisfulltrúa til Helsinki. HER26010001
9. Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 15. apríl 2026, 21. apríl 2026 og 29. apríl 2026. HER26010001

**Fundi slitið kl. 11:58**

Hjálmar Sveinsson

Aðalsteinn Haukur Sverrisson  
Birna Hafstein  
Ólafur Jónsson

Birkir Ingibjartsson  
Einar Sveinbjörn Guðmundsson